

Nd. 653. Frumvarp til laga [322. mál]

um breyting á lögum um söluskatt, nr. 10 22. mars 1960, með síðari breytingum.

Flm.: Páll Pétursson, Guðmundur Bjarnason, Stefán Guðmundsson, Ólafur P. Þórðarson, Böðvar Bragason, Valgerður Sverrisdóttir, Níels Á. Lund.

1. gr.

2. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo:

Nýmjólk og mjólkurafurðir, með eða án efnisþátta sem ekki eiga rót sína að rekja til mjólkur, enda séu þeir ekki yfir 25% af þyngd vörunnar. Veitingasala á þessum vörum er þó söluskattsskyld.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skal ekki innheimta söluskatt af sölu mjólkurafurða fyrir tímabilið 1. janúar 1978 og þar til lög þessi öðlast gildi. Söluskattur, sem innheimtur hefur verið af þessum vörum á fyrrgreindu tímabili, skal endurgreiddur.

Greinargerð.

Þann 1. apríl s. l. ákvað fjármálaráðuneytið að fella niður tímabundið vörugjald af gosdrykkjum og ávaxtasöfum. Jafnframt því voru tollar af ýmsum efnum til gosdrykkjagerðar lækkaðir eða felldir niður. Samhliða því lagði ráðuneytið fyrir að hafin yrði innheimta á söluskatti og vörugjaldi af tilteknum drykkjarvörum sem blandaðar eru úr mjólk eða mjólkurafurðum og bragðefnum. Eru þetta kakómjólk, jóki og mangósopi. Virðist með þessu hafa verið stefnt að því að bæta það tekjutap, sem varð við lækkun gjalda á öli og gosdrykkjum, með gjaldtöku af mjólkurdrykkjum. Hefur ráðuneytið með þessu sett þessa mjólkurdrykki á bekk með límonaði og gosdrykkjum.

Fjármálaráðherra hefur rökstutt aðgerð sína við innheimtu á vörugjaldi og söluskatti af mjólkurdrykkjum með því að hann sé aðeins að framkvæma gildandi lög. Þar er þó hins vegar um verulega stefnubreytingu að ræða því að heimildir laga til innheimtu söluskatts og vörugjalds hafa verið óbreyttar frá því að framleiðsla umræddra mjólkurvara hófst fyrir tæpum áratug. Þann tíma hafa skattyfirvöld ekki krafist um þessi gjöld af mjólkurvörum og verður að álíta að yfirvöld hafi talið ótvírætt að ákvæði laga um skattfrelsi mjólkurvara næðu til áður nefndra mjólkurdrykkja og þar hafi því farið saman sjónarmið skattyfirvalda og framleiðenda varanna. Til þess að skera úr um allan vafa um gjaldfrelsi mjólkur og mjólkurvara hvað varðar söluskatt og vörugjald er talið rétt að taka slíkt fram í lögum með ótvíræðum hætti.

Flutningsmenn þessa frumvarps geta ekki sætt sig við að við skattlagningu séu mjólk og mjólkurvörur lagðar að jöfnu við munaðarvörur eins og öl og gosdrykki. Samkvæmt skilgreiningu frumvarpsins nær gjaldfrelsið til vara sem hafa að lágmarki $\frac{3}{4}$ hluta mjólkur. Ótvírætt er að mjólk er sú matvara sem hefur einna mest hollustugildi. Í henni eru ýmis næringarefni sem eru ómissandi fyrir börn og unglínga. Einkum af þessum sökum hafa framleiðendur mjólkurvara lagt verulega áherslu á að koma með nýjar mjólkurvörur og mjólkurdrykki sem svöruðu kröfum um breytt mataræði og neysluvenjur á íslenskum heimilum. Þá hafa þessar framleiðsluvörur orðið uppistaðan í skólakosti barna í skólum og á dagvistarstofnunum.

Af því sem að framan greinir má sjá að með því að flytja gjaldtöku af gosdrykkjum yfir á mjólkurdrykki er verið að létta skattaálagnum af þeim sem neyta gosdrykkja, t. d. á skemmtistöðum, yfir á það fólk sem hefur börn sín í skólum og á dagheimilum. Samkvæmt áætlun fjármálaráðuneytisins er talið að skattlagning ríkissjóðs á kakómjólk einni saman á heilu ári, miðað við núverandi verðlag, gefi ríkissjóði um 30 milljónir króna í tekjur. Hér er um verulegan skatt að ræða þó svo að hann verði tæplega nægjanlegur til að bæta upp tekjutap það sem verður við lækkun gjalda til ríkissjóðs af öli og gosdrykkjum, en talið er að tekjur ríkissjóðs fyrir þessa breytingu hefðu numið um 305 millj. kr. á ári miðað við núverandi verðlag en verði um 260 millj. kr. Með skattheimtu af því tagi, sem fjármálaráðherra hefur nú beitt sér fyrir, er sú viðleitni mjólkuriðnadarins að leita nýrra leiða til að nýta íslenskar mjólkurafurðir sem best og bjóða fram nýjar vörur drepín í dróma. Verður að telja að hér sé um mjög varhugaverða stefnu að ræða.

Verði frv. þetta að lögum er úr því skorið að allar þær vörur sem hafa $\frac{3}{4}$ hluta mjólkur eða meira skulu vera undanþegnar söluskatti.